

Sp.

29. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu úr ríkissjóði til verðjöfnunarsjóðs.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði til verðjöfnunarsjóðs það fé, sem til þess þarf, að hann verðbæti að fullu kjötframleiðslu ársins 1945, á þann hátt, sem til er ætlað.

Greinargerð.

Haustið 1945 ákvað búnaðarráð heilðsölu- og smásöluverð á þess árs kjötframleiðslu. Jafnframt tilkynnti það, að verðjöfnunargjald skyldi vera kr. 1.50 á hvert kg Ijöts. Verðlagsráð búnaðarráðs breytti svo síðar þessari ákvörðun þannig, að ekki var innheimt nema kr. 0.35 verðjöfnunargjald af dilka- og geldfjárkjöti og kr. 0.15 af ærkjöti. Þegar þessi ákvörðun var tekin, leit verðlagsnefnd svo á, að þær tæpar tvær millj. kr., sem gert var ráð fyrir, að kæmu í verðjöfnunarsjóðinn með þessu gjaldi, mundu nægja til að verðbæta spaðkjöt og útflutt kjöt eins og til var ætlað. En þetta fór á aðra leið. Innanlandssalan reyndist ekki náðar nærri því eins mikil og verðlagsráðið hafði áætlað hana, og af framleiðslu ársins 1945 er þegar búið að flytja út síðan 3—400 tonn, og eftir liggja óseld 460 tonn. Það er því ekki nærri því nógu mikið fé í verðjöfnunarsjóði til að verðbæta allt þetta kjöt, og það verður að fást úr ríkissjóði, því að annars veldur það óhjákvæmilegri verðlækkun á kjötframleiðslu ársins 1946.

Það mælir því öll sanngirni með því, að ríkissjóður leggi fram það fé, sem á vantar, að verðjöfnunarsjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar, og er það lagt til í tillögunni. Nánari greinargerð í fransögu.